

## Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2015, miðvikudaginn 29. apríl, var haldinn 83. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstaddir voru: Hermann Valsson, Óttarr Örn Guðlaugsson og Gunnar Kristinsson. Einnig var viðstaddur Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts. Trausti Jónsson, verkefnisstjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Kynning á verkefnislýsingu vegna nýs kirkjugarðs í Úlfarsárdal eða Geldinganesi. Kynnt. Verkefnisstjóra falið að senda hlekk á verkefnislýsingu til formanna íbúasamtaka Grafarholts og Úlfarsárdals til almennrar kynningar á heimasíðum íbúasamtakanna.
2. Umsókn Mansard varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar við Freyjubrunn 33. Kynnt. Verkefnisstjóra falið að senda hlekk á verkefnislýsingu til formanna íbúasamtaka Grafarholts og Úlfarsárdals til almennrar kynningar á heimasíðum íbúasamtakanna.
3. Erindi frá USK vegna heppilegs staðar fyrir leiksvæði barna í Reynisvatnsáasi Lagt fram og kynnt. Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um hvar þetta mál er statt.
4. Styrkumsókn vegna verkefnissins „Sumarið er tíminn“ 50.000.- Samþykkt.
5. Erindi frá íbúa vegna skúra ofan við Gullhamra. Erindi vísað til byggingafulltrúa og heilbrigðisfulltrúa. Hverfisráð óskar eftir að leitað verði allra leiða til að finna heppilega lausn.
6. Kaffi og spjall.

### Fundi slitið kl. 17:11

Hermann Valsson

Óttarr Örn Guðlaugsson

Gunnar Kristinsson